

## Velferðarnefnd Alþingis

**Umsögn: Félags eldri borgara í Reykjavík um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. [100/2007](#) (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna), [93. mál](#).**

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík hefur fjallað um frumvarpið og **styður það eindregið og hvetur til þess, að það verði samþykkt.**

Fallist er á þau sjónarmið, sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu og tekið undir þau.

Félag eldri borgara í Reykjavík bendir á, að skv. þeim könnunum, sem hafa verið gerðar á hugsanlegum kostnaðarauka fyrir ríkissjóð vegna þeirra breytinga, sem lagðar eru til í frumvarpinu og gert er grein fyrir í greinargerð með frumvarpnu, þá kemur í ljós að kostnaðarauki er hugsanlega enginn við samþykkt frumvarpsins eða þá óverulegur.

Allt eins gæti afnám skerðinganna sem vísað er til í frumvarpinu orðið til þess að auka tekjur ríkissjóðs þegar allt er talið.

Hvað sem líður bættum hag ríkissjóðs eða takmörkuð útgöld hans, þá mun frumvarpið verði það samþykkt, leiða til þess að mörgum eldri borgurum sem nú búa við kröpp kjör og/eða eru fastir í fátæktargildru, gefast kostur á því að bæta hag sinn verulega og geta þá notið þess að verða fjárhagsleg stoð fyrir börn sín og aðra nákomna í ríkara mæli.

Lögð er áhersla á þau mikilvægu rök, sem koma fram í greinargerðinni með frumvarpinu um gildi vinnu og virkni eldri borgara, sem kannanir sýna að stuðlar að betri heilsu og hafa almennt mikið félagslegt gildi fyrir eldri borgara. Bætt heilsa eldri borgara dregur úr kostnaði ríkissjóðs, þó sá kostnaður sé hvergi reiknaður í þeim úttektum á kostnaði ríkissjóðs við samþykkt frumvarpsins, sem gerðar hafa verið.

Tekið er undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu þar sem segir:

„Núgildandi lagarammi dregur verulega úr atvinnuþátttöku eldri borgara. Fyrsta skrefið í rétta átt hefur verið stigið með tvöföldun frítekjumarksins. Næsta skref þarf að stíga til fulls. Því er lagt til að skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna verði afnumdar.“

**Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík mælir því eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt.**

Reykjavík 25.3.2024.

f.h. FEB Reykjavík

Jón Magnússon hrl. formaður Laganeftdar félagsins.